

ÁRSSKÝRSLA 2022





ÁRSSKÝRSLA 2022

Framhaldsskólinn í Austur- Skaftafellssýslu er staðsettur á Höfn í Hornafirði og hefur verið starfræktur frá árinu 1987.



Ársskýrsla þessi er unnin fyrir Mennta- og barnamálaráðuneytið (MRN) og er í henni að finna yfirlit yfir hlutverk og markmið, jafnframt því helsta sem unnið hefur verið á árinu. Greint verður frá því hvernig unnið hefur verið að þeim markmiðum sem skólinn hefur sett sér, auk koma fram ýmsar tölulegar upplýsingar sem varða starfið. Það ber að taka fram að á miðju ári eða haust 2022 urðu breytingar á stjórn skólans þ.e. það tók við nýr skólameistari Lind D. Völundardóttir og nýr áfangastjóri Herdís Waage og er skýrsla þessi unnin af þeim. Skýrslan er birt á vef skólans.

Hlutverk og markmið

Í lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 segir að hlutverk skóla sé að stuðla að alhliða þroska allra nemenda svo þeir verði sem best undirbúnir til þess að taka virkan þátt í jafnréttis- og lýðræðissamfélagi. Framhaldsskólinn í Austur- Skaftafellssýslu vinnur að því að efla frumkvæði, þrautseigju og víðsýni nemenda sinna.

Nemendur þjálfast í sjálfstæðum vinnubrögðum og því að taka ábyrgð á eigin verkum. Ásamt því að leitast við að þroska menningarlausni, gagnrýna hugsun nemenda og auka söguskilning þá er lögð áhersla á að líta inn á við og setja sig í spor annarra. Þetta allt í bland við hefðbundinn bóknámslærdóm og tileinkun á grundvallaratriðum tækni og vinnuaðferðum hvernar námsgreinar.

Við stöndum á tímamótum þar sem áhersla á skapandi hugsun og sjálfstraust til framkvæmda hefur aldrei verið meiri. Með nýjum stjórnendum breytast áherslur, en við viljum stuðla að hvetjandi og árangursríku skólafélagi, þar sem sköpun og þróun er í aðalhlutverki. Byggja aðlaðandi skóla, svo það endurspegli þessa sýn og hvetji til árangurs og dáða á sem fjölbreyttustu sviðum samfélagsins.



Stefna

Haustið 2022 var lögð fram ný stefnuáætlun til þriggja ára og nær stefnuskjalið yfir tímabilið 2022-2024. Í þeirri stefnumótun leggur Framhaldsskólinn í Austur- Skaftafellssýslu fram þrjú markmið um kjarnastarfsemi skólans sem unnið er að.

1. Fjölgun nemenda.
2. Nýtt og viðurkennt leiðsögunám.
3. Skipulagsbreytingar á námsframboði.

Til þess að ná þessum markmiðum hefur skólinn farið af stað með ýmsar áætlanir og aðgerðir. Til að mynda aukin tengsl við Grunnskóla Hornafjarðar. Einnig hefur verið aukið við stoðþjónustu inni í nemendaþjónustuteymi og höfum sett í farveg viðmótsbreytingar á okkar fjarnámi. Við skólann hefur verið unnin mikil vinna á seinni hluta árs, þar sem fjallanámið var skrifað inn í námskrárgrunn með námslokum á fjórða þrepi og er nú til umfjöllunar í starfsgreinaráði. Einnig höfum við gert samstarfssamning við Vatnajökulsþjóðgarð um uppbyggingu landvarðarnáms. Skipulagsbreytingar á námsframboði skólans eru í vinnslu.



Markmið varðandi rekstrarþætti voru eftirfarandi:

1. Aukin skilvirkni, þróun innri starfsemi, stjórnskipulag, upplýsingatækni og mannauðsmál.
2. Bættur félagsandi og stuðningur við starfsmenn.
3. Umgengni og umhverfismál.

Á seinni hluta ársins var ráðist í aðgerðir vegna skjalavistunar, sem ekki var virk í stofnuninni. Málalykill er tilbúinn og innleiðing GoPro stendur yfir. Vinnuskjöl eins og uppgjör kennara eftir önn er nú rafræn og gögnum eytt sem ekki þarf að geyma.

Með nýjum skólameistara og áfangastjóra var sett á laggirnar á haustönn stjórnendateymi sem hefur reynst vel. Í því teymi sitja, skólameistari, áfangastjóri, námsráðgjafi og vefstjóri. Að öðrum markmiðum er ötullega unnið en sífellt koma fleiri málefni og markmið fram.



Starfsemi


Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellsslýslu var stofnaður árið 1987 og starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008. Við skólann er boðið upp á fjölbreytt bóklegt og verklegt nám. Skólinn er áfangaskóli þar sem námsefni er skipt niður í áfanga sem lýkur með lokamati áfangans. Brautskráning er við lok hvers skólaárs.

Námsframboð

Eftirtaldar brautir og voru í boði við skólann 2022:

Boðið var upp á nám á framhaldsskólabraut, á þremur stúdentsbrautum; hug- og félagsvísindabraut, náttúru og raunvísindabraut og kjörnámsbraut. Einnig var boðið upp á starfsnám í vélstjórn og fjallamennsku. Á kjörnámsbraut geta nemendur í samráði við skólann valið sér sérhæfingu og áherslur. Á kjörnámsbraut er einnig hægt að velja sérstaka námspakka sem skipulagðir eru sem námssvið kjörnámsbrautar. Sviðin eru fjallamenskunám, lista- og menningar svið, íþróttasvið og vélstjórnarsvið. Tvö af fjórum sviðum eru einnig helsta starfsnámsframboð skólans.

Við skólann var boðið upp á tveggja ára nám í fjallamennsku árið 2022. Kennt var eftir námskrá sem skrifuð var inn í heildstæða námskrá í ferðamennsku í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Samkvæmt hvatningu frá Menntamálastofnun (MMS) og Mennta- og barnamálaráðuneyti (MRN) var farið í þá vinnu að skrifa nýtt fjallanám, á haustönn 2022. Námið í fjallamennsku hefur verið sett í námskrárgrunn sem starfsnám með tvennum námslokum, annars vegar námslokum sem leiðsögumaður á jöklum og hins vegar námslok sem leiðsögumaður á fjöllum. Þessi



sérhæfing á að leiða til starfsréttinda í greininni. Skólinn er virkur þátttakandi í starfi og þróun Fjarmentaskólans og við nemendajónusta skólans er starfrækt stuðningsteymi sem heldur utan um þá nemendur sem eru á framhaldsskólabraut.

Helsta sóknarfæri skólans felst í því að nýta tækifærið sem býr í breyttum þörfum samfélagsins. Að bjóða upp á sveigjanlegt nám óháð búsetu og atvinnu. Með styrkingu fjarnáms styrkjum við kjarnastarfsemi skólans og rekstur. Með styrkingu list- og verknáms hlúum við að sköpun og nákvæmni.

Á haustönn 2022 hófst undirbúningur á samræmingu fjarnáms í skólanum milli námsgreina og kennara. Samræmingin miðast að því að allir áfangar séu settir upp með fjarnemendur í huga. Þessi vinna heldur áfram.

Hvað segja nemendur um FAS

Gegjað félagslíf í skemmtilegum hóp nemenda

Fámennt en góðmennt

Náttúrubrautin með skemmtilegt námsefni

Auðvelt skólakerfi

Próflaus skóli

Þarft ekki að flytja að heiman sem er mikið ódýrara

Góðir kennarar sem eru mega nice og alltaf til í að aðstoða

Æðislegur stuðningur

Getur fengið aðstoð hjá kennurum um allt

ÞAÐ ERU ENGIN LOKAPRÓF

Lesstofan er æðiii, við erum alltaf öll saman að læra og spjalla (mega næs)

Nemendur

Stærsti hluti mannauðs skólans er nemendahópurinn. Mikilvægt er að námsframboðið komi til móts við þann fjölbreytta hóp svo flestir geti stundað nám við sitt hæfi. Við skólann menntum við einstaklinga til þess að takast á við fjölbreytt áframhaldandi nám og störf.

Fjöldi nemenda 2022

	Vor 2022	Haust 2022
Heildarfjöldi	186	172
Konur	108	90
Karlar	78	82

Heildarfjöldi nemenda á brautum

	Vor 2022	Haust 2022
Stúdentsbrautir	40%	45,5%
Framhaldsskólabraut	7%	6,5%
Ótilgreint nám	20,5%	8,5%
Fjallamennskubraut	27,5%	31,0%
Annað	5%	8,5%
Búseta utan sveitarfélags	61%	53,0%
Nem.eldri en 20 ára	63%	56,5%

Brotthvarf

Það er meira brotthvarf úr íslenskum framhaldsskólum en þeim löndum sem við miðum okkur við. Frá árinu 2019 hefur brottfall ekki breyst mikið, eða var V_19 13% en V_22 14%. Þetta er þó með undantekningum á tímabili Covid-19. Það er ljóst fyrir núverandi stjórnendur að það er mikið verk að vinna þar sem aðsókn í skólann frá nærsamfélaginu er of lítil og brotthvarf nemenda frá skóla er of hátt. Skólinn hefur og er enn að bæta nemendapjónustu sína. Við skólann starfar námsráðgjafi og við höfum aðgang að skólasálfræðingi í samstarfi við sveitarfélagið. Til þess að við náum markmiðum okkar þarf að bæta námsaðstöðu, netþjónustu og samband við grunnskólann. Auk bættrar nemendapjónustu hefur skólinn gert áætlun um meiri samgang við grunnskólann, í formi heimsókna, kynninga og samstarfs kennara. Einnig eru áform um bætt námsaðstöðu í skólanum..

Það er ljóst að það þarf að halda áfram að vinna markvisst og finna leiðir til þess að auka virkni og skuldbindingu til námsins til að auka líkur á því að nemendur ljúki námi sínu úr framhaldsskóla á tilskildum tíma.



Félagsstarf

Í Framhaldsskólanum í Austur- Skaftafellssýslu er félagsstarf metið til eininga. Nemendafélag skólans er NEMFAS og eru meðlimir þess þeir nemendur sem greiða félagsgjöld í byrjun annar. Félagið heldur utan um félagslíf skólans og samstarf við Sambandi íslenskra framhaldsskóla (SÍF). Markmið starfsins eru háleit og víðtæk, stærsta markmiðið er þó að virkja nemendur, búa til grundvöll þar sem nemendur taka virkan þátt í mótun þess samfélags sem þeirra skóli er, koma hugmyndum og verkefnum í framkvæmd, að auka ábyrgð í fjármálum, að virkja félagsfærni, gefa rými fyrir auknum opnum, gagnsæjum og lýðræðislegum stjórnarháttum ásamt því að þroska leiðtogaþæfni.

Sjálfsmat

Sjálfsmat er hluti af lögbundinni starfsemi skólans. Á þessu ári 2022-2023 er matið unnið af unnið af dr. Ingileif Kristjánsdóttir með sjálfsmatsteymi sem í sitja skólameistari og áfangastjóri. Tilgangur sjálfsmats er að stuðla að framgangi settra markmiða, endurskoðun á þeim og stuðla þannig að umbótum og auknum gæðum í skólastarfinu. Framkvæmdaráætlun sjálfsmats er fylgt í því mati.

Matsþættir	H20	V21	H21	V22	H22	V23	H23	V24	H24	V25
Kennitölur	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Áfangamat nemenda	X	X				X	X	X	X	X
Mat á skólastarfi				X						X
Mat fyrrv. nemenda						X		X		X
Skólapúlsinn & starfsmannapúlsinn						X		X		x
Skólafundur	X	X	X	X	X		X		X	
Umhverfismál		X		X		X		X		X
Breytingar í skólastarfi	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Umbótamat	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Mat samfélags							X			
Próunarhlutfall útskriftarnema								X		X

Starfsfólk

Í Framhaldsskólanum í Austur- Skaftafellssýslu vinnur öflugur hópur vel menntaðs fólks á öllum aldri. Þessum hóp þurfum við að hlúa að með ýmsu móti. Góðri starfaðstaðstöðu, góðum samskipti og upplýsingaflæði. Reglulega eru viðhorf starfsmanna könnuð til m.a. starfsánægju, sjálfstæðis til ákvarðanatöku, stuðnings frá stjórnendum og vinnuaðstöðu. Þessar niðurstöður eru nýttar til endurbóta og eru mikilvægt tæki fyrir stjórnendur.

Markmiðið er að, óháð kyni njóti starfsfólk sömu launakjara fyrir sömu og jafnverðmæt störf. Skólinn hefur hafið göngu sína til jafnlaunavottunar. Við skólann starfa 28 kennarar í rúmlega 20 stöðugildum, þar eru kennarar í fjallamennsku 11 í rúmum sjö stöðugildum. Karlkennarar við skólann eru 13 og kvenkennarar 15. Af þeim sem kenna við FAS eru 50% með kennsluréttindi. Þeir sem kenna í FjallaFAS eru sérfræðingar í sinni grein og flestir með háskólapróf fyrir utan fagmenntun, eru ekki með kennsluréttindi.

Af 18 kennurum í hefðbundnu námi eru 12 með kennsluréttindi. Námsráðgjafi er við skólann í 75% stöðu, skrifstofustjóri í 100% stöðu

og áfangastjóri í 75% stöðu, vefstjóri í 25% stöðu og kerfisfræðingur í 30% stöðu. Í þessum hópi er jöfn kynjaskipting og sjö af 26 kennurum eru 55 ára og eldri.

Ytra mat

Á vorönn 2022 fór skólinn í ytra mat á sem unnið var fyrir mennta- og barnamálaráðuneytið af Hjördísi Þorgeirsdóttur og Sigurborgu Mattíasdóttur. Það kemur fram í skýrslunni að tækifæri til umbóta eru eftirfarandi sviðum:

- Fjalla mætti um þróun útskriftarhlutfalls í sjálfsmatsskýrslu.
- Tengja fjarnemendur betur inn í skólastarfið.
- Auka tengsl við háskóla m.a. í þeim tilgangi að fá upplýsingar um námsgengi nemenda á háskólastiginu.
- Gera mætti reglulega ítarlega könnun meðal brautskráðra nemenda um afdrif þeirra og viðhorf þeirra til þess hvernig námið nýtist þeim í frekara námi og atvinnulífinu.



Upplýsingagjöf

Inna er upplýsinga- og kennslukerfi skólans sem heldur utan um alla þætti náms hjá nemendum, m.a. einkunnir, ástundun, námsferil, stundatöflu, o.fl.. Námsáætlanir áfanga eru á vef skólans. Einnig er Námsvefur FAS (Moodle) nýttur. Mikil áhersla er lögð á að bæði nemendur og kennarar nýti sér allt það sem kennslukerfi skólans hefur upp á að bjóða.

Skólinn notar bókhalds- og innheimtukerfi fjársýslu ríkisins og Orra (Oracle) við umsýslu fjármála skólans.

Heimasíðan hefur verið unnin í WordPress og sér vefstjóri um viðhald og endurnýjun. Á heimasíðu er að finna allar helstu upplýsingar um skólann.

Samfélagsmiðlar eru notaðir til þess að ná til sem flestra og þar eru viðburðir innan skólans auglýstir bæði á Facebook og Instagram. Þetta er gert til þess að auka sýnileika og styrkja ímynd skólans út í samfélagið.

Skjalavistun og gæðahandbók hefur ekki verið nýtt við skólann, en haustið 2022 var sett saman teymi til að gera aðgerðaráætlun í þessum málum. Niðurstaðan er að við erum nú á vormánuðum að taka í þjónustu okkar skjalavistunarkerfið GoPro og munu GoPro einnig vinna gæðahandbók með skólanum og byrjar sú vinna að hausti 2023. Samhliða þeirri vinnu verður farið í að uppfæra skólanámskrá, viðbragðsáætlanir, starfslýsingar og handbækur.

Húsnæði og innviðir

Skólinn býr í eigin húsnæði í Nýheimum. Það kom í ljós haustið 2022 að viðhald á eigninni hafði verið vanrækt með þeim afleiðingum að rakaskemmdir eru í húsinu. Loftræsting hússins var ólögleg og hafði ekki verið þrífín sem skildi í þó nokkurn tíma. Það hefur verið brugðist við þessu, inntak loftræstingar verður hækkað í fjóra metra eins og lög gera ráð fyrir og þrífín á loftræstingu eru á plani fyrir sumarið 2023. Þá munu einnig verða lagaðir þakgluggar sem hafa orsakað leka. Á haustönn var endurnýjaður samningur við Vöruhúsið og FabLab sem hafði verið óundirritaður í þó nokkurn tíma.

Tæknimál

Tæknimál hússins hafa verið mikið til umræðu á þessu skólaári, þá helst vegna þess að þau þóttu ekki samræmast kröfum. Á haustönn 2022 fékk skólinn óháðan aðila til þess að fara yfir tæknimál skólans. Þá kom í ljós að víða var pottur brotinn og var ákveðið að fara í það að skipta um þjónustuaðila og mun sú áætlun taka gildi vorið 2023.

Aðbúnaður

Aðbúnaður á skrifstofum kennara og í skólastofum er allur jafngamall og byggingin eða um það bil 20 ára. Það er ýmislegt komið að þolmörkum og gerðar hafa verið raunhæfar áætlanir um að breyta því í áföngum.

Dregið úr umhverfisáhrifum

Skólinn kláraði Grænu skrefin vor 2021 og eftirfylgni með þeim árangri verið fram haldið.

Skólinn gerir samgöngusamninga við sitt starfsfólk og stuðlar að skilvirkni í innri starfsemi skólans með því að taka upp rafræna samskiptaferla á ýmsum sviðum.

Heilsueflandi framhaldsskóli

Framhaldsskólinn í Austur- Skaftafellssýslu er heilsueflandi framhaldsskóli. Skólinn á fulltrúa í starfshópi sveitarfélagsins sem fundar reglulega. Boðið er upp á frían hafragraut á morgnana bæði fyrir nemendur og starfsmenn. Starfsmenn fá hreyfistund inn í sínum vinnutíma, en það er ein klukkustund á viku. Einnig hefur skólinn opnað núvitundarherbergi og haldið námskeið í jóga og núvitund með áherslum jákvæðrar sálfræði.

Starfsþróun og starfsánægja

Það eru vissulega tækifæri til framþróunar á því sviði í skólanum. Það var farið í það á haustönn 2022 að kortleggja þörfina og á vorönn 2023 hefur verið gerð aðgerðaráætlun á því sviði. Sú vinna fer í gang á haustönn 2023.

Fjárhagsstaða skólans

Á árinu var ársveltan 374,9 milljónir og afkoma 9,9 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign -35,6 milljónir í árslok og eignir samtals 27,2 milljónir.

Samstarfsverkefni

Skólinn tekur þátt í mörgum samstarfsverkefnum í gegn um Erasmus+ og auk þeirra er eitt verkefni í samstarfi við Uppbyggingasjóð Suðurlands (SASS), samstarfsverkefni við Svavarssafn um gestakennara í listgreinum ásamt leiðsögn frá sýnandi listamönnum. Vatnajökulspjóðgarður og FAS gerðu með sér samstarfssamning þar sem meðal annars eru áform um uppbyggingu landvarðarnáms. Samningur við FabLab og Vöruhúsið var endurnýjaður og einnig hefur skólinn verið í samstarfi við Leikfélag Hornafjarðar.

Evrópuverkefni hafa verið þrennskonar, nemendaskiptaverkefni, styrkir til nemenda og kennara til starfsnáms og menntunar- og rannsóknarverkefni þar sem til verður kennslu/upplýsingaefni fyrir frumkvöðla.

Nemendaskiptaverkefni Geoheritage geoheritage.fas.is er styrkt af NordPlus Junior og er samstarf milli Norðurlanda, Rare Routs er styrkt af Erasmus+ og er samstarf milli Ítalíu, Íslands og Tyrklands, Hidden Hunger sem er samstarf milli Noregs og Lúxemborgar og fjallar um matarvenjur ungs fólks með skipulagðri uppskriftasöfnun, eldun og útgáfu.

Styrkjaverkefni á vegum Erasmus+ til fimm ára þar sem nemendum og kennurum gefst tækifæri á að nýta eftir því sem skólanum hentar. Sá styrkur hefur verið notaður mest í fjallamennsku, með þátttöku í verkefnum eins og www.arcticguideeducation.com og www.polartouristsafety.com

nemendur í fjallamennsku hafa einnig farið í starfsmenntaskiptinám í tengslum við franskan skóla þar sem aðal áherslan er á ævintýraferðamennsku.

Menntunar- og rannsóknarverkefni eru sem stendur eru þrjú: PEAK - New Heights for Youth Entrepreneurship, Erasmus+ samstarfsverkefni á sviði starfsmenntunar (KA205). Þátttökulönd eru sex, skólar og aðrar stofnanir: Skotland – verkefnastjórar, Írland, Norður Írland, Grikkland, Ítalía og Ísland.



FabLAB og stelpur vinnusmiðja

Markmið verkefnis:

- Nýta frumkvöðlastarf sem hvatning fyrir ungt fólk í fjallabyggðum og afskekktum svæðum til að ná markmiðum sínum.
- Fjölga tækifærum fyrir unga frumkvöðla til að takast á við áskoranir og leysa úr vandamálum sem tengjast lífinu í þeirra heimabyggð.
- Auka tækifæri til áframhaldandi- eða nýrrar búsetu ungs fólks á afskekktum svæðum
- Sjálfbærninálgun höfð að leiðarljósi.



Afurðir verkefnisins:

- Verkefnapakki með upplýsingum um rannsóknir og leiðir í nýsköpun fyrir kennara ungra frumkvöðla
- Leiðbeinandi kennslu- og kynningarefni fyrir stuðningsaðila í nýsköpun .
- Hvetjandi og aðgengileg myndbönd af ungum frumkvöðlum, YouTube, Instagram, TikTok.
- Gagnvirkt rafrænt námsumhverfi á íslensku.
- Heimasíða PEAK: www.peakentrepreneurs.eu

Forest Well þar sem lifandi fræðsla um náttúruna er í aðalhlutverki. Markmiðið er að auka áhuga og aðdráttarafl náttúrunnar. Verkefninu er ætlað að efla færni í samvinnu og samveru utan tölvuheimsins. Verkefnið er heilsuefandi og ýtir undir áhuga á útivist og núvitund í náttúrunni.

Þróun ferðamennskusamfélags, en markmið fyrsta hluta verkefnisins er að vinna að gerð stöðu- og þarfagreiningar á ferðamennskusamfélaginu í Hornafirði til að undirbyggja stefnumótun með áherslu á sjálfbæra ferðamennsku, byggðapróun, menningu, menntun, nýsköpun og rannsóknir.

„Hver sá, er menntaður vill teljast, verður að varðveita hug sinn sem lengst frjálсан og opinn. Frjálslyndi og víðsýni er aðall sannrar menntunar. Öfgar og ofstæki er ómenningar vottur og minnir á galdrabrennur liðinna tíma. Sönn menning er hófsöm. Hún leitar jafnvægis andstæðnanna eins og fagurt listaverk. Hún lítur á margt, helst allt, en einblínir ekki á eitt.“

Þórarinn Björnsson.

